

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 139/28/12
komudagur 30.5.2011

Nefndasvið Alþingis
B.t. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

30. maí 2011
Tilvísun: 2011040064

Efni: Viðbótarumsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 704. mál

Á fundi efnahags- og skattanefndar Alþingis þann 26. maí sl. var óskað eftir að Fjármálaeftirlitið lýsti skoðunum sínum á athugasemdum sem fjármálaráðuneytið hafði sent nefndinni, dags. 25. maí sl., vegna fyrirleggjandi frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 704. mál.

Athugasemdir þessar eru til viðbótar þeim sjónarmiðum sem reifuð voru í umsögn Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar, dags. 2. maí sl. og með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu á framangreindum fundi nefndarinnar, þar sem fulltrúar fjármálaráðuneytisins voru viðstaddir.

3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins kemur fram að ljóst sé að undanþága sú frá banni við krossstjórnarsetu í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins hefði jafnframt þurft að koma fram í lögum um fjármálafyrirtæki. Þar sem óvíst sé að það náist á yfirstandandi þingi sé rétt að undanþága þessi verði felld brott.

Fjármálaeftirlitið er sammála því að 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felld brott, enda er það í samræmi við fyrri umsögn þess til nefndarinnar.

4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið fellst ekki á þau rök sem sett eru fram í athugasemdum ráðuneytisins við þetta ákvæði.

Fjármálaeftirlitið lagði til í fyrri umsögn sinni að þessi undanþága frá banni við krossstjórnarsetu félli niður, en getur þó fallist á að undanþágan yrði viðunandi ef hún yrði þrengd, þannig að hún næði ekki til stjórnenda og lykilstarfsmanna eftirlitsskyldra aðila, eða starfsmanna eftirlitsskyldra aðila sem annast rekstur lífeyrissjóðsins eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Jafnframt yrði undanþágan takmörkuð við sjóðfélaga sem kosnir væru á ársfundi sjóðsins

Með þeim breytingum myndi 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins þá hljóða þannig í heild:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur starfsmaður eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn úr hópi sjóðfélaga á ársfundi sjóðsins. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila, eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðsins eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Stjórnarseta

samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðs. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.“

5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Á fundi efnahags- og skattanefndar kom fram að fjármálaráðuneytið væri tilbúið til að falla frá undanþágu frá banni við krosstjórnarsetu sem felst í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins, enda væri aðeins um að ræða 6 – 7 einstaklinga sem nú sætu í stjórnnum fleiri en eins lífeyrissjóðs.

Fjármálaeftirlitið er sammála því að 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felld brott, enda er það í samræmi við fyrri umsögn þess til nefndarinnar.

a-liður 2. gr. frumvarpsins

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 2. másl. 3. mgr. 36. gr. laganna verði breytt með þeim hætti að í stað núverandi orðalags um að fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum séu eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og „...ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir“, komi orðalagið „...ársreikningar hlutafélaganna eru hluthöfum, fjárfestum og eftirlitsaðilum aðgengilegir.“

Fjármálaeftirlitið ítrekar það sem fram kom í fyrri umsögn þess, að hér er um augljósa þrengingu að ræða sem ekki er til þess fallin að auka gagnsæi í fjárfestingum lífeyrissjóðanna gagnvart sjóðfélögum. Fjármálaeftirlitinu er ekki ljóst hvað nauðsyn ber til þess að framangreind þrenging er gerð og mælir ekki með að hún verði leidd í lög.

b-liður 2. gr. frumvarpsins

Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins segið að ráðuneytið sé tilbúið að fallast á að leyfilegar hömlur verði tilgreindar nánar en gert er í b-lið 2. gr. frumvarpsins og gerir þá tillögu að greinin verði svohljóðandi, sem 3. og 4. másl. 3. mgr. 36. gr. laganna:

„Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eru eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina. Ákvæði sem kveða á um forkaupsrétt **annarra** að eignarhlutum lífeyrissjóðs eða samþykki ábyrgðar- eða rekstaraðila á kaupanda á eignarhlut skulu þó ekki teljast hamla viðskiptum í skilningi 3. másl.“

Fjármálaeftirlitið taldi í fyrri umsögn sinni til nefndarinnar æskilegra að í lagagreininni sjálfri væri beinlínis tiltekið hvers konar hömlur væru leyfilegar á framsali hluta eða hlutdeildarskírteina annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna. Yrðu þær hömlur þá tæmandi upp taldar í lagagreininni. Ofangreind tillaga ráðuneytisins kemur að nokkru leyti á móts við það sjónarmið.

Ef það er vilji löggjafans að greiða fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu, leggur Fjármálaeftirlitið þó til að kveðið verði skýrar á um hver eigi forkaupsrétt, þannig að sá réttur sé ekki í höndum einhverra óskilgreindra „annarra“ heldur í höndum „rekstrar- eða ábyrgðaraðila sjóðs“, svo sem algengast mun vera.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið því til, að b-liður 2. gr. frumvarpsins, sem verður 3. másl. 3. mgr. 36. gr. laganna, verði svohljóðandi:

„Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eru eingöngu heimilær ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina, en ákvæði um að rekstrar- eða ábyrgðaraðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eigi forkaupsrétt á hlut eða hlutdeildarskírteinum eða þurfi að samþykka kaupanda í sjóðnum, teljast ekki hamla viðskiptum.“

3. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem gildi til 31. desember 2015, þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna sé lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja, þótt hömlur séu á viðskiptum með hlutabréfin, enda samrýmast þær lögum um hlutafélög og eftir atvikum öðrum lögum. Eftir að umsögn Fjármálaeftirlitsins lagði til að þessi tími yrðu stytur gerir ráðuneytið það að tillögu sinni að gildistíminn verði miðaður við 31. desember 2013 til samræmis við bráðabirgðaákvæði VII. laganna.

Fjármálaeftirlitið áréttar það sem fram kom í fyrri umsögn þess að hér er um augljósa þrengingu að ræða sem ekki er til þess fallin að auka gagnsæi í fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið hefur engar upplýsingar um þá staðhæfingu fjármálaráðuneytisins að hömlur á borð við gagnkvæman forkaupsrétt séu fremur meginregla en undantekning í óskráðum félögum. Ennfremur má draga í efa að sú staðhæfing ráðuneytisins, að fjárfestar hafi „...ríka hagsmunum af því að hafa eitthvað að segja um hverjir komi að félaginu“, gangi framur þeirri kröfu laganna að lífeyrissjóðir skuli jafnan fjárfesta í vel seljanlegum verðbréfum og að þeir lokist ekki inni með fjárfestingar.

Þar að auki vill Fjármálaeftirlitið benda á að frumvarpsgreinin, eins og hún hljóðar nú, opnar fyrir frekari hömlur en einungis gagnkvæman forkaupsrétt. Hömlur á viðskiptum með hlutabréf í ofangreindum skilningi eru skilgreindar í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Meginreglan kemur fram í 21. gr. laganna, en þar segir að hluti megi selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. Í samþykktir megi þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hluti varðar sem séu í samræmi við ákvæði 22. og 23. gr. eða sérstakra laga, en þær lagagreinar varða annars vegar forkaupsrétt á hlutum og hins vegar að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Ef frumvarpsgreinin verður að lögum opnar hún fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða í félögum þar sem framsal hlutabréfa er háð samþykki félagsins og lífeyrissjóðir geta því settið fastir með fjárfestingar í hlutabréfum félags, ef stjórn félagsins neitar þeim að framselja þau.

Fjármálaeftirlitið áréttar því fyrra álit sitt, að ef löggjafinn sér ástæðu til að leiða heimild þessa í lög með bráðabirgðaákvæði, verði gildistími þess hafður sem stytur.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson